

Breytingartillögur¹ vegna texta í áfangaskjali²

Frá Pawel Bartoszek

Lagt fram á 10. fundi Stjórnlagaráðs, 27. maí 2011

KAFLAHEITI: Mannréttindi (tillaga A-nefndar til kynningar)

Ákvæði nr. 15

Breytingartillagan er svohljóðandi	Ákvæði (eða kafli) eftir breytingu	Ákvæði (eða kafli) í áfangaskjali/fyrirliggjandi tillögu
Fellt verði út orðalagið „ sem miðar að líkamlegri og andlegri heilsu að hæsta marki sem unnt er. “	Öllum skal tryggður með lögum réttur til heilbrigðisþjónustu.	Öllum skal tryggður með lögum réttur til heilbrigðisþjónustu sem miðar að líkamlegri og andlegri heilsu að hæsta marki sem unnt er.

Ákvæði nr. 16


Breytingartillagan er svohljóðandi	Ákvæði (eða kafli) eftir breytingu	Ákvæði (eða kafli) í áfangaskjali/fyrirliggjandi tillögu
Orðalag 1. mgr. verði svo: „Öllum börnum skal...“.	Öllum börnum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar.	Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar.
Öll 3. mgr. falli brott: „ Menntun ... skyldur. “	Öllum skal standa til boða grunnskólamenntun án endurgjalds. Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, lista og æðri menntunar.	Öllum skal standa til boða grunnskólamenntun án endurgjalds. Menntun skal miða að fullum þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um réttindi og skyldur. Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, lista og æðri menntunar.

Ákvæði nr. 18

Breytingartillagan er svohljóðandi	Ákvæði (eða kafli) eftir breytingu	Ákvæði (eða kafli) í áfangaskjali/fyrirliggjandi tillögu
------------------------------------	------------------------------------	--

¹ Grænt letur og undirstrikað gefur til kynna breytingu eða viðbót miðað við fyrirliggjandi texta.

² Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.



		skjali/fyrirliggjandi tillögu
Orðalagið „Öllum skal ... <u>öryggis.</u> “ falli brott.	Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til félagslegrar aðstoðar og almannatrygginga, svo sem vegna atvinnuleysis, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna.	Öllum skal tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis. Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til félagslegrar aðstoðar og almannatrygginga, svo sem vegna atvinnuleysis, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna.

Ákvæði nr. 19

Breytingartillagan er svohljóðandi	Ákvæði (eða kafli) eftir breytingu	Ákvæði (eða kafli) í áfanga- skjali/fyrirliggjandi tillögu
Ákvæði 2. mgr. verði svo: „Eignarrétti <u>geta</u> fylgt lögbundnar ... skyldur. Í 2. mgr. falli brott síðari málsliðurinn, þ.e. „ <u>Nýting ... almannahag.</u> “	Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Eignarrétti geta fylgt lögbundnar takmarkanir og skyldur.	Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Eignarrétti fylgja lögbundnar takmarkanir og skyldur. Nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag.